

231. fundur - 13. janúar 2005

Fundurinn hófst kl. 15:00 og var haldinn á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson sem boðað hafði seinkun. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp dagskrá. Samþykkt var að taka fyrir fundargerð bygginganefndar íþróttahúss frá 12. janúar með öðrum fundargerðum sveitarfélagsins sem teknar verða fyrir á fundinum.

Sveitarstjóri lagði til að fimm mál yrðu tekin fyrir undir dagskrárliðnum “önnur mál” og var það samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár:

Fundargerðir

- Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir 229. og 230. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- Fundargerð minka- og refanefndar 13. desember 2004. Engar athugasemdir.
- Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 13. janúar 2005. Sveitarstjóri benti á að leiðrétta þyrfti í b-lið undir byggingamál þar sem tilgreint er leyfi til flutnings á sumarhúsi. Réttara er að tala um byggingarleyfi. Samþykkt. Fundargerð samþykkt í heild.
- Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss frá 12. janúar. Fundargerð samþykkt

Mál til afgreiðslu

- Styrkir Ferðamálaráðs Íslands til úrbóta í umhverfismálum á árinu 2005 (umsóknarfrestur til 17. janúar). Rætt um fuglaskoðunarskilti og fuglaskoðunarskýli, merkingu hvera og gönguleiða og stjórnskoðunarstöð.
- Fyrirspurn frá Veraldarvinum varðandi samstarf við Reykhólahrepp um náttúruverndarverkefni. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið.
- Undirbúningsfélag að álaeldi á Reykhólum, erindi frá Eiríki Kristjánssyni, Bjarka Þór Magnússyni og Guðjóni D. Gunnarssyni. Enn fremur lagt fram svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um íslenska álinn lagt fram á 130. löggjafarþingi 2003-2004.

Hreppsnefnd hvetur bréfitara til að þróa áfram þessa hugmynd sína. Reykhólahreppur er reiðubúinn að veita aðstoð í þessu máli þótt beiðni um fjármagn sé hafnað að svo stöddu.

- Sláturhús í Flatey, forkaupsréttur Reykhólahrepps. Erindi frá Guðmundi Páli Ólafssyni. Reykhólahreppur fellur frá forkaupsrétti.
- Vegamál, ruslagámar, endurheimt votlendis o.fl. í Múlahreppi hinum forna. Erindi frá áttthagafélagi Múlahrepps. Varðandi vegamál er sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um framgang þessara mála.

Bjarki Stefán Jónsson kom nú inn á fundinn (kl. 16:20)

Varðandi ruslamál er farið fram á að settir verði upp tveir ruslagámar, annar á Klettshálsi við afleggjarann að Kvígingisfirði og hinn við Eiðið, afleggjarann út á Múlanes.

Sveitarstjóra falið að kanna kostnað, en einungis einn gámur kemur til greina ef af verður.

Varðandi endurheimt votlendis telur sveitarstjórn eðlilegast að hver landeigandi hugi að því.

- Atvinnuvegasýning Vestfjarða 2005, erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Svára átti erindinu fyrir 23. desember og hafði sveitarstjóri gert það og svarað erindinu á jákvæðan hátt.
- Beiðni um heimild til spurningalistakönnunar í skólum vegna rannsóknar á menntun nemenda með þroskahömlun, erindi frá Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
- Fyrirkomulag barnaverndarmála í Reykhólahreppi, erindi frá félagsmálaráðuneytinu.

Sveitarstjórn sér ekki ástæðu til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

Lagt fram til kynningar

- Fólksfækkun í Reykhólahreppi, minnisblað sveitarstjóra byggt á bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Íbúar 1. desember 2004 voru 260 og hefur fækkað um 44 síðan 2001.

Oddviti og sveitarstjóra falið að senda þingmönnum kjördæmisins bréf, þar sem þeir munu kynna þingmönnum nýjustu tölur um fólksfækkun í hreppnum og væntanleg viðbrögð sveitarstjórnar við henni.

- Fjölgun hjúkrunarrýma í Barmahlíð, bréfaskipti Reykhólahrepps og heilbrigðisráðuneytis. Sveitarstjóra falið að svara bréfi ráðuneytisins.

- c) Styrkveiting til hlunnindasýningar, erindi frá Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra. Ráðherra styrkti sýninguna um kr. 150.000,- og lýsir hreppsnefnd yfir ánægju sinni með það.
- d) Hálkuvarnir, bréfaskipti Reykhólahrepps og svæðisstjóra Vegagerðarinnar.
- e) “Ekki skylda að kenna 170 daga”, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- f) Stutt greinargerð vegna ferðar á ICME-10, alþjóðlegt þing um stærðfræðimenntun. Höfundur Trausti Þór Sverrisson leiðbeinandi við Reykhólaskóla.
- g) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 10. desember 2004. Búið er að gera tímasetta áætlun Reykhólahrepps um endurgerð leiksvæði á Reykhólum; stærsti áfangi þessa verks er búinn með uppsetningu nýrra leiktækja síðastliðið sumar.
- h) Stjórn tónlistarskóla, bréfaskipti Reykhólahrepps og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- i) Breyting á lögum um húsnæðismál, veitingu viðbótarlána hætt. Erindi frá félagsmálaráðuneyti.
- j) Vestfjarðavegur nr. 60, framvinda vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Afrit af bréfi sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps til Vegagerðarinnar á Ísafirði.
- k) Óbreytt fasteignamat í Reykhólahreppi, erindi frá Yfirfasteignamatsnefnd.
- l) Svæðisvinnumiðlun Vesturlands, fréttabréf desember 2004
- m) 54. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð
- n) Grettislaug á Reykhólum, aðsóknartölur 2003 og 2004. Aðsóknin var 8.202 sundlaugargestir alls á árinu 2004, sem er 1,7% aukning frá fyrra ári.
- o) Minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur lagður niður, erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Eignir sjóðsins, kr. 36.578,- ganga þá til hlunnindasýningar á Reykhólum.
- p) “Allt hefur áhrif, einkum við sjálf”, kynningarbæklingur frá Lýðheilsustöð.
- q) Íþróttamiðstöð á Hólmavík tekin formlega í notkun 15. janúar, boðsbréf frá Hólmavíkurbæklingi.
- r) Umsögn oddvita dags. 5. janúar til félagsmálaráðuneytis varðandi Höllustaði.

Fjárhagsáætlun 2005, fyrri umræða

- a) Rætt um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega. Oddviti lagði til að veittur verði 25% afsláttur af fasteignaskatti á íbúðir elli- og örorkulífeyrisþega. Miðað er við að tekjur einstaklinga fari ekki yfir kr. 1.419.664,- og hjóna kr. 1.916.546,- Afslátturinn er veittur af einni íbúð.

Samþykkt.

Ákveðið að hafa síðari umræðu miðvikudaginn 26. janúar kl. 16:30

Önnur mál

- a) Ósk um samráðsfund með umráðendum lands á Reykhólum, erindi frá Tómasi Sigurgeirssyni á Mávatúni. Rætt verði um veiðirétt og aðrar nýttar af óskiptu landi Reykhóla. Átt er við fulltrúa sveitarfélagsins, ábúanda Reykhóla, Grundar og Seljaness. Egill stakk upp á Þórði Jónssyni sem fulltrúa sveitarfélagsins. Samþykkt.
- b) Ósk um afnot af nýja íþróttahúsinu á Reykhólum undir þorablót 22. janúar 2005, erindi frá Þorablótsnefnd. Egill sagðist leggja gegn því að íþróttahúsið verði nýtt fyrir þorablót þar sem húsið er enn á byggingarstigi og annar valkostur, Vogaland, er í boði í sveitarfélaginu. Meirihluti hreppsnefndar samþykkti erindið svo framarlega sem öll tilskilin leyfi fást, þorablótsnefnd gerð grein fyrir ástandi hússins og leyfi skólastjóra fáið fyrir afnotum af eldhúsi- og salernisaðstöðu. Bjarki Stefán sat hjá.
- c) Hálkuvarnir í Austur-Barðastrandarsýslu, frétt af www.bb.is Nýjustu fréttir eru þær að Vegagerðin hafði tilkynnt í dag að hálkuvarnir verði þær sömu á þjóðvegum í Barðastrandarsýslu og í Ísafjarðardjúpi. Fagnar hreppsnefnd þessu.
- d) Fundargerð risarækjufundar 7. janúar á Reykhólum, einnig tillaga um eldi risarækju á Reykhólum lögð fyrir verkefnisstjórn um byggðáætlun á Vestfjörðum.

Fundi var nú lokað vegna málefna einstaklings og það afgreitt.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)